



EUROPEAN WOMEN'S
LOBBY
EUROPEEN DES FEMMES



KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS

Forsætisráðuneytið
Forsætis- og jafnréttismálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Hallveigarstaðir, 19. júní 2020

Varðandi: Rannsókn á umfangi og eðli ofbeldis gegn konum í EEA ríkjum

Frú forsætisráðherra,

Fyrir hönd Hagsmunasamtaka evrópskra kvenna – **European Women's Lobby** (EWL), sem eru stærstu regnhlífarsamtök kvenréttindasamtaka í Evrópu með rúmlega 2.000 aðildarfélög í 30 löndum, og fyrir hönd **Kvenréttindafélags Íslands**, sem stofnað var 1907 til að stuðla að jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi, er þetta bréf sent þér. Með bréfinu viljum við hvetja íslensk stjórnvöld til að taka þátt í rannsókn á umfangi ofbeldis gegn konum í aðildarríkjum evrópska efnahagssvæðisins.

Við höfum öll grundvallarrétt til lífs án ofbeldis og saman verðum við að skapa heim án ofbeldis gegn konum og stúlkubörnum. Mikilvægi þessa grundvallarréttar hefur orðið skýrari á tímum COVID-19 faraldursins, þegar margar konur og stúlkubörn sem eru þolendur heimilis- og kynferðisofbeldis hafa verið lokaðar inni á heimilum eða stofnunum með gerendum ofbeldisins.

Framkvæmdastjórn ESB mun árið 2021 framkvæma rannsókn í löndum EEA á umfangi og eðli ofbeldis gegn konum og öðru ofbeldi í samskiptum, eins og kveðið er á um í jafnréttisáætlun ESB 2020–2025. Hagstofa Evrópusambandsins, EUROSTAT, sér um framkvæmd rannsóknarinnar ásamt því að bera niðurstöður hennar saman við fyrri rannsókn sem framkvæmd var árið 2012 af Evrópustofnun grundvallarmannréttinda – European Union Agency for Fundamental Rights (FRA). Skráningarfræstur ríkja í rannsóknina er 8. júlí næstkomandi.

Grundvöllur þess að stefnumótun í ofbeldismálum sé markviss og áhrifarík, hvort sem er á landsvísu eða Evrópuvísu, er sá að stjórnvöld geti byggt stefnumótunarstarf sitt á uppfærðum og sambærilegum gögnum sem ná yfir öll aðildarríki EEA. Þessi gögn geta einnig auðveldað eftirlit á framkvæmd aðildarríkja á alþjóðlegum skuldbindingum í málaflokknum. Enn fremur eru gögnin ómetanleg fyrir femínísk samtök og opinberar stofnanir í því að vekja athygli á ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum og til að tryggja viðeigandi og áframhaldandi aðgerðir stjórnvalda gegn ofbeldi.



Nauðsynlegt er að safna reglulega gögnum um umfang og eðli ofbeldis gegn konum með því að framkvæma rannsóknir sem byggjast á slembiúrtaki. Þetta er ein af lykilskuldbindingum í Istanbúlsáttmálanum, samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldis (grein 11), sem Ísland fullgilti 26. apríl 2018.

COVID-19 faraldurinn og áhrif hans í löndum Evrópu síðustu mánuði hefur leitt í ljós mikilvægi reglubundinnar gagnasöfnunar til að meta áhrif faraldursins á ofbeldi gegn konum og stúlkubörnum.

Því miður hafa engar rannsóknir á umfangi og eðli ofbeldis gegn konum og stúlkubörnum á Evrópuvísu verið framkvæmdar, síðan FRA birti sínar niðurstöður árið 2014. Þar að auki þarf að tryggja að tölfræðigögn frá mismunandi ríkjum á EEA svæðinu séu sambærileg. Við getum ekki reitt okkur á upplýsingar sem safnað er í hverju landi fyrir sig, en yfirvöldum er aðeins tilkynnt um 15% ofbeldismála gegn konum samkvæmt niðurstöðum rannsóknar FRA (2014). **Gögnin, sem til stendur að safna í rannsókn EUROSTAT, munu stoppa í þessi göt og gefa okkur uppfærðar upplýsingar um umfang og eðli ofbeldis.**

Hagsmunasamtök kvenna í Evrópu – European Women's Lobby og Kvenréttindafélag Íslands hvetja þig kæri forsætis- og jafnréttismálaráðherra til að staðfesta þátttöku Íslands í þessari rannsókn sem mun veita íslenskum stjórnvöldum upplýsingar sem gagnast til að bæta stefnumótun í málaflokknum, hvort sem er á landsvísu eða á Evrópuvísu, og til að móta viðeigandi og markvissar aðgerðir gegn ofbeldi.

Við treystum því að þú staðfestir þátttöku Íslands í þessari rannsókn og tryggir nána samvinnu og upplýsingagjöf til femínískra samtaka á meðan framkvæmd rannsóknarinnar stendur á Íslandi.

Við erum reiðbúnar til að veita þér nánari upplýsingar ef þörf er á.

Með vinsemd og virðingu,



Gwendoline Lefebvre
Forseti European Women's Lobby



Ellen Calmon
Stjórnarkona í EWL
og ritari Kvenréttindafélags Íslands

Afrit:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, skrifstofustjóri jafnréttismála í forsætisráðuneytinu

Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu



European Women's Lobby

Hagsmunasamtök evrópskra kvenna – European Women's Lobby (EWL) voru stofnuð árið 1990 og eru eru stærstu regnhlífarsamtök femínísku hreyfingarinnar í Evrópu. Yfir 2.000 samtök sem standa fyrir fjölbreyttan hóp kvenna eiga aðild að EWL og vinna saman að femínískri Evrópu. Samtök í 26 ríkjum ESB, þremur löndum sem hafa sótt um aðild að ESB (Norður-Makedónía, Serbía og Tyrkland), á Íslandi og í Bretlandi eiga aðild að EWL, sem og 17 samtök sem starfa á evrópskum vettvangi. EWL vinnur náið með aðildarfélögum sínum við að efla kvenréttindi og jafnrétti kynjanna meðal almennings og innan evrópskra stofnanna.

Kvenréttindafélag Íslands

Kvenréttindafélag Íslands var stofnað árið 1977 af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur. Markmið félagsins er að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Kvenréttindafélagið heldur opna fundi og málþing um málefni sem varða jafnréttismál sem eru á döfnni hverju sinni, þar á meðal árlegt Kynjaþing, og skrifar umsagnir um lagafrumvörp og opinberar skýrslur. Kvenréttindafélag Íslands á í öflugum samstarfi við femínísk samtök á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Kvenréttindafélag Íslands leggur áherslu á mannréttindi og vinnur gegn hvers konar mismunun.

